

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **18-085F013**

Dags: **1. júní 2018**

Staður: **Kinnarfjöll**

Lýsing: **Fór á nefið eftir landingu í snjó**

Flugmaður á TF-API ásamt farþega voru í yfirlandsflugi á Norðurlandi ásamt annarri flugvél TF-RVA. Flugtak flugvélna var frá Akureyrarflugvelli um kl. 20:42 og lögðu flugmennirnir ekki inn flugáætlun en tilkynntu flugturni að þeir áætluðu að fylgjast með hvor öðrum.



Þegar TF-API var að fljúga yfir Kinnarfjöll ákvað hann að lenda á snjóþekju í stutta stund og njóta útsýnis. Í landingarbruni varð flugmaðurinn var við að snjórinn var mýkri en hann hafði búist við og hafnaði flugvélin með loftskrúfuna á kafi í snjó. Flugmaðurinn hafði lent á snjó um veturinn og áttaði sig ekki á að snjórinn var orðin blautari og þar með mýkri þar sem komið var fram í júní. Þá vill RNSA benda á nokkur atvik sem hafa orðið við landingu eða flugtak á snjó svo sem:

- [TF-LEO við Gæsavatnaskála](#)
- [TF-RLR á Úlfsvatni við Arnarvatnsheiði](#)
- [TF-EXI við Skálatind á Esju](#)
- [TF-GHG á flugvellingum á Hólmavík](#)
- [TF-134 á Fimmvörðuhálsi](#)

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 18. október 2018.